



Árnastofnun

Ársskýrsla 2024

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla Íslenskuvíðs 2024

Skýrsla menningarsvíðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024 og ritaskrár

Útgáfur



Aðfaraorð forstöðumanns

Árið 2024 var fyrsta heila ár Árnastofnunar í Eddu. Flutningi stofnunarinnar lauk þó ekki fyrr en í janúar 2025 þegar handritasafnið var flutt úr handritageymslunni í Árnagarði í handritahvelfinguna í Eddu og síðustu starfsmennirnir bættust í hópinn. Þar með lauk rúmlega fimmtíu ára sögu handritanna í Árnagarði.

Edda er glæsilegur vettvangur fyrir íslenskuna, íslenska menningu og íslensk fræði. Þar er nýtt og klæðskerasniðið umhverfi til að rannsaka, kenna og ræða um íslenska tungu og íslenskar bókmenntir, skapa sögur og ljóð og búa til ný orð til að fanga nýjar hugsanir. En húsið er ekki einkamál okkar sem vinnum í því um stundarsakir, heldur staður sem býður alla velkomna sem áhuga hafa á því fjölbreytta starfi sem þar fer fram og þeim frumgögnum sem stofnunin varðveitir og eflir; vettvangur þar sem við miðlum niðurstöðum rannsókna, efnum til rökræðna og samræðna, njótum bókmennta og tungumálsins og bjóðum upp á sýningu á dýrgripum þjóðarinnar. Húsið er staður sem opnar faðminn og auðveldar okkur samstarf við félagasamtök, hópa, skólafólk, unga sem aldna, ferðamenn, innflytjendur og þar fram eftir götunum.

Margir stórir áfangar urðu á árinu, eins og lesa má um í ársskýrslunni. Stærsti áþreifanlegi viðburðurinn á árinu 2024 var opnun sýningarinnar Heimur í orðum, sem hafði verið lengi í undirbúningi. Sýningin hefur hlotið geysigóðar viðtökur, og einnig vefur sýningarinnar og allt efni sem henni tengist. Safnkennslan hefur tekið kipp og skólafólk streymir í húsið.



Mig langar líka að fagna sérstaklega nýrri vefgátt m.is sem var opnuð formlega á árinu og er hugsuð fyrir skólafólk og aðra sem læra íslensku sem annað mál. Þar er hægt að fletta upp í þremur orðabókum, Íslenskri nútímamálsorðabók, Íslenskenskri orðabók og Íslensk-pólskri orðabók og þýða setningar með hjálp vélþýðinga og beygja orð. Í október var ný Íslensk-þýsk veforðabók opnuð á viðburði í Vín, sú áttunda í röðinni af tvímálaorðabókum Árnastofnunar og í nóvember var Íslensk nútímamálsorðabók opnuð með viðhöfn. Allt þetta efni er einnig aðgengilegt á málið.is sem miðlar rafrænum orðabókum og fjölbreyttum gögnum um íslenskt mál og málnotkun með einföldum og samræmdum vefaðgangi.

Starfsemi stofnunarinnar fer fram í Eddu. Bókasafnið er aðgengilegt fyrir alla notendur, fræðimenn geta unnið með frumgögn og hægt er að sjá handritin með eigin augum. En miðlunin einskorðast ekki við húsið á Melunum. Við streymum gögnum og niðurstöðum rannsókna gegnum vefi stofnunarinnar og náum þar með til notenda hvar sem þeir búa á landinu og raunar í heiminum öllum. Þjónustukannanir og notendatölur sýna að rafrænir gagnagrunnar og orðabækur njóta mikilla vinsælda. Þau góðu viðbrögð gefa okkur byr í seglin. Við þökkum traustið.

Guðrún Nordal

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók


Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur



Skipurit Árnastofnunar

Núverandi skipurit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók gildi árið 2023.



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskóla- stofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Hlutverk hennar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem stofnuninni eru falin eða hún á.

Í stjórn stofnunarinnar eru Illugi Gunnarsson formaður, Sigrún Magnúsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Guðrún Dröfn Whitehead og Torfi Tulinius.

Forstöðumaður er Guðrún Nordal.

Fjögur svið

Rekstrar- og þjónustusvið, sviðsstjóri er Guðný Rósa Þorvarðardóttir.

Íslenskusvið, sviðsstjóri er Helga Hilmysdóttir rannsóknar- prófessor.

Menningarsvið, sviðsstjóri er Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknarprófessor.

Miðlunarsvið, sviðsstjóri er Ingibjörg Þórisdóttir.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur



Skýrsla Íslenskusviðs 2024

Íslenskusvið Árnastofnunar sinnir fjölbreyttum verkefnum sem tengjast íslenskri tungu í fortíð og nútíð. Í stórum dráttum má skipta verkefnunum í fimm flokka: útgáfu orðabóka, umsjón eldri gagna frá Orðabók Háskólans, málfarsráðgjöf, máltækni og alþjóðastarf. Á sviðinu störfuðu um 16–18 manns, þar af sjö akademískir starfsmenn með rannsóknarskyldu.

Þegar litið er yfir afrakstur ársins 2024 má sjá að starfsemi íslenskusviðs stendur í miklum blóma. Ýmis verkefni snúa að miðlun upplýsinga til almennings og á það ekki síst við um útgáfu rafrænna orðabóka og annarra gagnasafna á vefnum. Í ár ber hæst opnun skólavefgáttarinnar *m.is* sem opnuð var formlega á haustdögum og í október var *Íslensk-þýsk orðabók* opnuð í Vínarháskóla. Á árinu var einnig hafist handa við undirbúning samheitaorðabókar sem ætlunin er að tengja m.a. við *Íslenska nútímamálsorðabók* sem er mest sótti vefur stofnunarinnar ásamt *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls*. Samhliða þessu starfi hefur einnig farið fram umræða um viðkvæman orðaforða, þ.e. orð sem líkleg eru til þess að valda ágreiningi í samfélaginu. Eftir endurskipulagningu gömlu sviða stofnunarinnar er auðveldara að skoða orðabækur og gagna-söfn heildstætt og samræma upplýsingarnar þar sem ástæða þykir til. Niðurstöður þjónustukönnunar sem gerð var á vegum Stjórnarráðsins voru ritstjórum orðabóka mikil hvatning enda kom þar glögglega fram hversu þakklátir notendur eru fyrir það efni sem stofnunin birtir á vefnum.

Mikið framboð á orðabókum og leiðbeinandi efni á vefnum hefur leitt til þess að verulega hefur dregið úr beinum sam-



skiptum landsmanna við málfarsráðgjafa stofnunarinnar. Mál-farsráðgjafar og aðrir sérfræðingar tóku þó við fjölmörgum fyrirspurnum á árinu í tölvupósti og síma en stofnunin býður upp á símatíma eina klukkustund á dag alla virka daga. Fyrir-spurnirnar sem bárust sviðinu voru gróflega áætlað um 800 talsins. Í ágúst var haldinn fundur hjá Netverki norrænna málnefnda í Eddu þar sem fjallað var sérstaklega um kynjað mál frá sjónarhorni málfarsráðgjafa.

Á vordögum auglýsti íslenskusvið eftir lektor í máltækni en þetta er í fyrsta sinn í sögu Árnastofnunar sem ráðinn er akademískur starfsmaður á því sviði sem hefur það hlutverk að leiða máltækniverkefni stofnunarinnar og sinna rannsóknum. Síðastliðið haust tók máltæknifólk sviðsins þátt í alþjóðlegri samkeppni um þýðingavélar fyrir íslensku. Framlag Árna-stofnunar var metið fjórða besta þýðingarkerfið af tuttugu og var fyrir ofan vinsæl kerfi á borð við Google Translate, Microsoft Translator og GPT-4.

Alþjóðastarf sviðsins snýr einkum að sumarnámskeiðum í íslensku, stuðningi við háskóla erlendis og styrkjum til erlendra fræðimanna og nemenda í íslensku sem öðru máli á BA-stigi. Unnið var að því á árinu að koma aftur á fót íslenskukennslu við Edinborgarháskóla en kennsla þar hefur lengi legið niðri.

Rannsóknarstarf sviðsins er öflugt eins og sjá má á birt-ingum ársins. Í haust kom út 26. hefti tímaritsins *Orð og tunga* þar sem áhersla er meðal annars lögð á orðfræði og nafnfræði. Tímaritið hefur verið gefið út frá árinu 1988 og er bæði gefið út á prenti og birt á vefnum í opnum aðgangi. Starfsmenn tóku þátt í stórum evrópskum verkefnum þar sem fjallað var til dæmis um nýyrði, tökuorð og kynjað mál. Einnig var á árinu gefið út efnismikið sérhefti *Sociolinguistica* um íslensk félags-málvísindi þar sem starfsmenn sviðsins ritstýrðu og skrifuðu greinar ásamt öðrum. Um þessi verkefni má lesa í nýju vefriti íslenskusviðs, *Mannamál*, þar sem ætlunin er meðal annars að miðla niðurstöðum rannsókna til almennings.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur



Skýrsla menningarsviðs 2024

Menningarsvið sinnir fjölbreyttum verkefnum sem tengjast íslenskri menningu sem í stuttu máli skiptist í þrennt: rannsóknir, miðlun og varðveislu frumgagna en sviðið varðveitir þrjú söfn, þ.e. handritasafn, segulbandasafn og örnefnasafn. Á sviðinu voru 23 starfsmenn þegar mest var, þar af níu akademískir starfsmenn með rannsóknarskyldu.

Verkefni menningarsviðs eru margvísleg. Rannsóknir akademískra starfsmanna og verkefnaráðinna sérfræðinga spanna vítt svið og má þar nefna bókmenntir og sögu, handrit, nöfn og þjóðfræðilegt efni. Rannsóknum er miðlað í fræðibókum og fræðilegum tímaritum, svo sem *Griplu* sem stofnunin gefur út en einnig með pistlaskrifum á vefsíðum og víðar og fyrirlesturum. Í desember kom út 35. hefti *Griplu* sem hefur komið út árlega síðan árið 2000 en fyrsta heftið kom út árið 1975. Einnig komu út á árinu rit sem starfsmenn sviðsins hafa unnið að: *Tíðfordríf* eftir Jón lærða Guðmundsson, *Söngbók séra Ólafs Jónssonar á Söndum* og *Kurteisleg kvæði og dýrlegar diktanir* sem er safn greina eftir Þórunni Sigurðardóttur. *Rúnir á Íslandi* eftir Þórgunni Snædal kom einnig út í 2. og endurbættri útgáfu. Enn fremur kom Konungsbók eddukvæða út rafrænt í ritröðinni *Editiones Arnamagnæanæ Electronicæ* og rafbókin *Rímnakveðskapur tíu kvæðamanna: Rannsókn á tilbrigðum* (2022) var gefin út á ensku *The Rímur Poetry of Ten Kvæðamenn: Research on Variations*.

Haldið var áfram að ljósmynda og skrá handrit á [handrit.is](#). Árið 2023 fékkst styrkur úr Innviðasjóði til tólf mánaða vinnu við skráningu og var Margrét Jóna Gísladóttir ráðin í það



verkefni. Lokið var við að skrá handrit með safnmarkinu NKS, Additamenta og Accessoria sem eru í vörslu stofnunarinnar og ljósmyndun þeirra er langt komin. Í upphafi árs hófst skráning og ljósmyndun fornbréfa úr fórum Árna Magnússonar en undirbúningur þess verks hófst árið áður þegar stofnunin fékk í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands, Den Arnamagnæanske håndskriftsamling við Kaupmannahafnarháskóla og Riksarkivet í Ósló mjög veglegan styrk úr sjóði A. P. Möllers í Kaupmannahöfn. Jafnframt var haldið áfram að skrá handrit og annað efni á vefinn [vesturheimur.arnastofnun.is](#). Í ágúst var haldinn alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum en Beeke Stegmann rannsóknarlektor bar hitann og þungann af skipulagningu hans.

Unnið var að því að flytja örnefnagreinar og -skýringar Þórhalls Vilmundarsonar, fyrrverandi forstöðumanns Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins, yfir á stafrænt form og einnig var unnið að útgáfu á riti í tilefni af því að hann hefði orðið 100

ára á árinu hefði hann lifað og fleiri bækur eru í vinnslu. Starfsfólk í nafnfræði hefur einnig sinnt skrifstofustörfum fyrir Örnefnanefnd skv. reglugerð og verið með umfangsmikla örnefnaráðgjöf til sveitarstjórna og annarra. Haldið var áfram að færa segulbandsspólur yfir á stafrænt form og skrá þjóðfræðiefni á [ismus.is](#). Bragi – óðfræðivefur var tengdur við Ísmús.

Þórunn Sigurðardóttir rannsóknarprófessor hætti störfum á árinu vegna aldurs. Karl Óskar Ólafsson var ráðinn í nýtt starf safnvarðar en hlutverk hans er fyrst og fremst að hafa umsjón með söfnum stofnunarinnar og aðstoða starfsmenn og gesti við að vinna með safnkostinn. Auglýst var starf rannsóknarlektors í miðaldabókmenntum og gengið frá ráðningunni á árinu.

Í nóvember voru nokkur handrit flutt úr Árnagarði yfir í Eddu og sett á nýja handritasýningu sem opnuð var á degi íslenskrar tungu. Við það tækifæri voru fengin að láni fjögur handrit frá Kaupmannahöfn til að hafa á sýningunni. Í desember var segulbandasafn stofnunarinnar flutt úr Árnagarði yfir í Eddu.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur



Fréttir og viðburðir 2024



11. janúar Samkomulag um nýtingu orðabóka í námsefni
Markmið samkomulagsins er að bæta aðgengi íslenskra barna og ungmenna að ritstýrðum orðabókum í gegnum rafrænt námsefni Menntamálastofnunar.



12. janúar Vegleg bókagjöf færð Árnastofnun
Vesturíslenskt bókasafn Ragnars H. Ragnar var fært Árnastofnun að gjöf.


15. janúar Ný ásýnd Árnastofnunar
Árnastofnun fékk formlega nýtt útlit. Nýtt merki, byggt á eldra merki stofnunarinnar, var teiknað og aðallitur Árnastofnunar varð grænn.

19. janúar Styrkjum úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands úthlutað
Fjórir starfsmenn Árnastofnunar hlutu styrk.




23. janúar Íðorðaskrá efnafræðinnar – nýtt orðasafn í Íðorðabankanum
Íðorðanefnd Efnafræðifélagsins tók orðasafnið saman og núna eru í því alls 593 hugtök.

30. janúar Styrkir Snorra Sturlusonar 2024



7. febrúar Rúnir á Íslandi tilnefnd til Viðurkenningar Hagþenkis
Bókin var á meðal tíu fræðibóka sem tilnefndar voru.

25. mars Úthlutun úr Nýsköpunarsjóði námsmanna



9. apríl Samráðsfundur Landmælinga Íslands og Árnastofnunar



10. apríl Fögnuður: 100 ár frá fæðingu Jónasar Kristjánssonar
Samkoma var haldin í Eddu í tilefni dagsins.

Aðfaraorð forstöðumanns

Skipurit Árnastofnunar

Skýrsla íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024 og ritaskrár

Útgáfur





22. apríl Ný Örnefnanefnd

Íslensk málnefnd og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilnefna hvor sinn fulltrúa. Einnig tilnefna umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og innviðaráðherra sinn fulltrúann hvor.



23. apríl Nýtt íðorðasafn í jarðeðlisfræði

Aðgengilegt tvímála íðorðasafn (íslenskt-enskt) í jarðeðlisfræði er mjög mikilvægt fyrir nemendur, kennara og fagaðila í greininni. Íðorðasafnið er einnig mikilvægt fyrir almenning og fréttamenn á Íslandi vegna endurtekinna náttúruhamfara.



25. apríl Íslensk-pólsk orðabók kynnt í Póllandi



10. maí Rannsóknir á enskum áhrifum á óformleg samtöl

Rannsóknarhópurinn PLIS hlaut á dögumum tveggja ára styrk frá Nordplus språk.



13.–16. maí Árlegur fundur íslenskukennara sem starfa við erlenda háskóla

Að þessu sinni varð Berlín fyrir valinu, m.a. vegna þess að háskólinn þar gegnir mikilvægu hlutverki sem miðstöð í kennslu Norðurlandafræða í Þýskalandi.



3.–27. júní Nordkurs-námskeið í júní

16. júní Rótarskot – Listahátíð í Reykjavík

Stefnumót skálda og fræðimanna var haldið á bókasafni Árnastofnunar í Eddu. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.

25. júní Réttritunarheftið hlýtur styrk úr Áslaugarsjóði

Við úthlutun úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliða-dóttur hlaut verkefnið Réttritunarheftið styrk. Fyrir verkefninu stendur Jóhannes B. Sigtryggsson, rannsóknardósent við Árnastofnun.



1.–26. júlí Alþjóðlegur sumarskóli í íslenskri tungu og menningu

Alþjóðlegur sumarskóla fyrir útlendinga sem áhuga hafa á íslensku nútímamáli og menningu.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur



Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusiðs 2024

Skýrsla menningar-
siðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár


Útgáfur



6.–15. ágúst Sumarskóli í handritafræðum haldinn í ágúst
Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum var haldinn í nítjándan sinn. Skólann sóttu að þessu sinni 54 nemendur frá 17 löndum.


27. ágúst Nýr rannsóknarlektor á íslenskusiði
Steinþór Steingrímsson var ráðinn í stöðu rannsóknarlektors á íslenskusiði Árnastofnunar.

27.–28. ágúst Árlegur fundur norrænna málnefnda á Íslandi
Ísland gegndi formennsku í netverki norrænna málnefnda árið 2024 og árlegur fundur netverksins var haldinn í Eddu í ágúst.



27.–28. ágúst Ráðstefna um notkun og endurnotkun pappírs fyrir á öldum
Alþjóðleg og þverfagleg ráðstefna um notkun og endurnotkun pappírs fyrir á öldum var haldin í Eddu.

30. ágúst Tólf erlendir námsmenn hlutu styrk



30.–31. ágúst Óland kortlagt
Ráðstefnan Óland kortlagt – Skáldskapur Eiríks Laxdals í íslensku og alþjóðlegu samhengi var haldin í Eddu.

11. september m.is – nýr íslenskuvefur
Nýr vefur Árnastofnunar, m.is, var formlega opnaður. Í þessari fyrstu útgáfu er hægt að fletta upp í þremur orðabókum sem Árnastofnun gefur út, Íslenskri nútímamálsorðabók, Íslensk-enskri orðabók og Íslensk-pólskri orðabók.



12. september Ársfundur og ársskýrsla Árnastofnunar



13. september Salman Rushdie sótti Árnastofnun heim
Rithöfundurinn Salman Rushdie kom nýverið til landsins til að taka á móti Alþjóðlegum bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness. Meðan á heim-sókninni stóð lagði hann leið sína á Árnastofnun.



13. september Tvö verkefni tengd Árnastofnun hlutu styrk
Tvö verkefni tengd Árnastofnun hlutu styrk úr Sagnfræðisjóði Aðalgeirs Kristjánssonar en þetta var í fyrsta skipti sem úthlutað var úr sjóðnum.



14. september Sigurðar Nordals fyrirlestur 2024
Fyrirlesari í ár var Veturliði Óskarsson, prófessor í norrænum fræðum við Uppsalaháskóla í Svíþjóð.



Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur



28. september Árnastofnun á Vísindavöku 2024

3. október Nýr safnvörður við stofnunina

Karl Óskar Ólafsson hóf störf á menningarsviði.



4. október Íslensk-þýsk veforðabók opnuð

Íslensk-þýska veforðabókin LEXÍA var opnuð við hátíðlega athöfn á 40 ára afmæli deildar skandinavískra fræða við háskólann í Vínarborg.

9. október Spjall um orðabækur á Amtsbókasafninu á Akureyri

Helga Hilmisdóttir, sviðsstjóri Íslenskusviðs Árnastofnunar, heimsótti Amtsbókasafnið á Akureyri og sagði frá orðabókum og gagnasöfnum á vegum stofnunarinnar.



30. október Norrænir menningarmálaráðherrar í heimsókn í Eddu

Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, heimsótti Eddu ásamt nokkrum menningarmálaráðherrum Norðurlanda.

1. nóvember Nýr þjónustufulltrúi í þjónustuveri stofnunarinnar. Ása Ester Sigurðardóttir hóf störf á rekstrar- og þjónustusviði.



11. nóvember Handritin flutt í Eddu

Á þessum degi voru fyrstu miðaldahandritin flutt úr Árnagarði í nýtt öryggisrými í Eddu. Handritin hafa verið geymd í sérstakri öryggisgeymslu í Árnagarði síðan í upphafi áttunda áratugarins eða í tæp 55 ár.



12. nóvember Ný rafræn útgáfa á Konungsbók eddukvæða

Höfuðhandrit eddukvæða, GKS 2365 4to, Konungsbók, sem ritað var um 1270, er nú aðgengilegt í nýrri röð rafrænna textaútgáfna, Editiones Arnamagnæanæ Electronicae, á vegum Árnastofnunar á Íslandi og Árnasafns í Kaupmannahöfn.

13. nóvember Árna Magnússonar fyrirlestur – Peter Stokes fjallar um stafræna nálgun við handritarannsóknir

Fyrirlesari að þessu sinni var Peter Stokes, rannsóknarprófessor í stafrænum hugvísindum við Université Paris Sciences et Lettres (PSL).

14. nóvember Nýr þjónustufulltrúi í þjónustuveri stofnunarinnar. Bjarki Yunran Zhu hóf störf á rekstrar- og þjónustusviði.

15. nóvember Íslensk nútímamálsorðabók

Íslensk nútímamálsorðabók (ÍNO) hefur verið aðgengileg sem verk í vinnslu í átta ár en var formlega opnuð í viku íslenskunnar.





16. nóvember **Opnun sýningarinnar Heimur í orðum**
Sýningin Heimur í orðum var formlega opnuð í Eddu.



18. nóvember **Fyrsta sýningarhelgi gekk framur vonum**
Fyrsta sýningarhelgi handritasýningarinnar Heimur í orðum gekk vel. Á annað þúsund gestir lögðu leið sína í Eddu til að sjá íslenska handritaarfinn.

20.–21. nóv. **Ársfundur Nordiskt forum för folkmusikforskning och -dokumentation**
Árlegur fundur Nordiskt forum för folkmusik-forskning och -dokumentation var haldinn á Íslandi 2024.

26. nóvember **New Landscapes: Insights from Ethnographic Fieldwork on Literary Production in Iceland**
Charlotte Ettrup Christiansen flutti erindi sitt, „New Landscapes: Insights from Ethnographic Fieldwork on Literary Production in Iceland“.

12. desember **Nýtt veftímarit – Mannamál**
Vefritið Mannamál var formlega opnað. Ritið, sem er á vegum íslenskusviðs Árnastofnunar, er nýr vettvangur til að miðla þekkingu og reifa álitamál er varða íslensku og önnur mál sem töluð eru hér á landi.



19. desember **Orð ársins 2024**
Árnastofnun valdi orð ársins í tíunda sinn. Valin eru tíu orð sem talin eru hafa minnt á árið með einhverjum hætti en orð ársins 2024 sem stóð upp úr var Hraunkæling.



Opnun sýningarinnar

Sýningin *Heimur í orðum* var opnuð að viðstöddu fjölmenni laugardaginn 16. nóvember. Hennar hafði verið beðið með talsverðri eftirvæntingu og voru viðtökur gesta afar góðar. Sýningin vekur athygli fyrir heillandi og nýstárlega miðlun þess efnis sem finna má í handritum og öðrum frumgögnum sem varðveitt eru á Árnastofnun og víðar. Hún var lengi í undirbúningi og lagði nær allt starfsfólk stofnunarinnar þar hönd á plóg, auk þess sem leitað var til ýmissa ráðgjafa utan-húss. Sýningarhönnun var í höndum Studio MB í Edinborg og um hönnun hreyfimynda og hugbúnaðar sáu Freakworks, einnig í Edinborg.

Þar sem þetta er fyrsta sýningin í nýjum og glæsilegum húsakynnum stofnunarinnar í Eddu reið á að hún hefði víða skírskotun og slægi einnig nýjan tón í sýningargerð. Í hugmyndavinnu, sem Sigrún Kristjánsdóttir sýningarstjóri leiddi, þróaðist sú nálgun að sýningin ætti að opna sýn inn í þá mörgu heima sem handrit og bókmennning fyrri alda búa yfir; heima sem að sumu leyti eru framandi nútímafólki en eru jafnframt heillandi og hafa gegnt mikilvægu hlutverki við mótun menningar og viðhorfa hérlandis. Lögð skyldi áhersla á fjölbreytni efnisins sem handritin geyma og einnig margbreytilega gerð þeirra sem sýningargripa. Til hægðarauka var efninu skipað niður undir nokkrum meginþemum: fjallað er um hugmyndir um upphaf heimsins og endalok en að öðru leyti snýst sýningin um veru manneskjunnar í heiminum, hugmyndir hennar um



mannlegt eðli og um æðri máttarvöld, umhverfi hennar og heimsmynd, og samskipti manna, völd og samfélag. Í umfjölluninni er leitast við að sýna að íslenskt miðaldasamfélag var ekki einangrað, heldur í margvíslegum tengslum við önnur lönd, og enn fremur er í sérstökum kafla sýningarinnar dregið fram hversu mikil áhrif íslenskar fornbókmenntir hafa haft á menningu og listir annarra þjóða. Einnig er stiklað á stóru um þróun íslensks máls með því að sýna texta frá ýmsum tímum, einkum

úr sendibréfum, og benda á áhugaverð einkenni þeirra. Þá var lögð sérstök áhersla á að birta á sýningunni myndir og skreytingar úr íslenskum handritum og gengur sá þráður í gegnum alla hönnunina.

Handritin eru viðkvæmir sýningargripir og til þess að þau verði ekki fyrir of miklum truflunum af umhverfinu þótti ráðlegt að miða við að hvert handrit yrði ekki til sýnis lengur en þrjá mánuði í einu. Sú ákvörðun hafði afgerandi áhrif á þróun

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
Íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur





Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur

sýningarhandrits og hönnun og uppsetningu sýningarinnar. Mörg önnur atriði stýrðu vinnunni, ekki síst hugmyndir um gesti og þeirra þarfir.

Sýningarhandritið þróaðist á löngum tíma og voru reyndar ýmsar leiðir til að nálgast efnið og sýna handritin á áhuga- verðan máta. Margir hópar starfsfólks og annarra unnu að hugmyndunum og tóku afstöðu til ýmissa þátta sem hafa áhrif á efnistöð og felast í spurningum eins og: Hvernig sýning á þetta að vera? Fyrir hverja er hún? Niðurstöður urðu meðal annars þær að sýningin ætti að vera fyrir almenna gesti og að ekki yrði krafist neinnar fyrir fram þekkingar á efninu. Efninu skyldi miðlað á margvíslegan máta þar sem höfðað yrði til allra


skilningarvita. Áhersla yrði lögð á að framsetning efnis væri lagskipt þannig að bæði væri hægt að fara tiltölulega hratt í gegnum sýninguna en einnig mögulegt að dvelja lengur við og sækja sér ýtarlegri fróðleik. Textar skyldu vera fremur stuttir en efnismiklir, sterkir og líflegir og á einföldu máli. Engar eftir- líkingar yrðu á sýningunni og engir utanaðkomandi gripir, handritin væru í aðalhlutverki.

Vegna þess að skipta þarf reglulega um handrit á sýningunni þótti upplagt að nýta tækifærið og sýna einnig íslensk handrit sem ekki eru hluti af safni Árnastofnunar. Á fyrsta sýningar- árinu verða sýnd láns-handrit frá eftirfarandi söfnum: Árnasafni og Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn, Landsbóka-

safni Íslands –Háskólabókasafni, Þjóðskjalasafni Íslands og Háskólabókasafninu í Utrecht, Hollandi.

Sýningarnefnd var skipuð Guðrúnu Nordal, Sigrúnu Kristjánsdóttur, Svanhildi Óskarsdóttur og Trausta Dagssyni. Ritstjóri efnis er Svanhildur Óskarsdóttir og forvörður sýning- arinnar er Vasaré Rastonis. Sýningunni fylgir vefurinn heimur-iordum.is. Hann er á íslensku og ensku og þar má kafa dýpra í efni sýningarinnar. Einnig var gefin út sýningarskrá þar sem fjallað er um efnið frá öðrum sjónarhornum en sjá má á sýning- unni sjálfri. Í henni eru greinar eftir fræðimenn af Árnastofnun og aðra utan hennar en ritstjóri bókarinnar er Þórdís Edda Jóhannesdóttir.





m.is

Síðla árs 2022 fór menningarráðuneytið þess á leit við Árnastofnun að búa til nýja tungumálagátt sem einkum yrði ætluð yngri málhöfum og þeim sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Vinna við hinn nýja vef, sem síðar fékk nafnið **m.is**, hófst í mars 2023. Starkaður Barkarson var þá lánaður yfir til menningarráðuneytis í um hálf t ár til að vinna að undirbúningi verkefnisins í samstarfi við starfsmenn ráðuneytisins. Fyrirtækið Kolibri sem sérhæfir sig í stafrænum lausnum var fengið til að vinna að þarfagreiningu og skila af sér svokallaðri frumgerð en sú vinna var unnin í nánú samstarfi við starfsmenn Árnastofnunar og ráðuneytisins. Niðurstaða þeirrar vinnu var að í fyrsta fasa verkefnisins skyldu gögn úr þremur orðabókum Árnastofnunar og úr Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls gerð aðgengileg á m.is. Nýjar lausnir úr máltækniáætlun skyldu einnig nýttar.

Að undirbúningsfasa loknum færði Starkaður sig yfir í Eddu og hófst handa við þróun bakenda vefsins en fékk til liðs við sig Atla Jasonarson til að sjá um framendann. Starfsmenn Kolibri voru þeim Starkaði og Atla innan handar allan þann tíma og veittu ráðgjöf eftir því sem vinnunni vatt fram. Vefurinn var svo opnaður af fyrrum ráðherra, Lilju Dögg Alfreðsdóttur, með viðhöfn í Kvennaskólanum um miðjan september árið 2024 og í kjölfarið fór af stað kynningarherferð sem menningarráðuneytið stóð fyrir.

Í þessari fyrstu útgáfu er hægt að fletta upp í þremur orðabókum: Íslenskri nútímamálsorðabók, Íslensk-enskri orðabók og Íslensk-pólskri orðabók. Einnig er hægt að fá skýringar og dæmi um notkun, sjá hvernig orð beygjast og þýða setningar milli íslensku og ensku með hjálp vélþýðingar. Auk þess geta notendur flett upp algengum málfræðihugtökum í hugtakasafninu.

Strax í upphafi var ákveðið að vefurinn yrði lifandi og myndi þróast samhliða því að ný gögn og máltæknilausnir litu dagsins ljós og sérstök áhersla yrði lögð á þau verkefni sem hæst báru í þarfagreiningunni, en þar má helst nefna samhliða orðabók, ensk-íslenska orðabók og málrýni. Ætlunin var að hefja vinnu við fasa tvö strax seinasta haust en mannaskipti hjá menningarráðuneytinu og uppstokkun ráðuneyta varð hins vegar til þess að frestur varð á því. Vonir standa til að hægt verði að hefja vinnu við næsta fasa fljótlega í vor.

Í ritstjórn **m.is** sitja Jóhannes B. Sigtryggsson rannsóknar-dósent, Kristín Ingibjörg Hlynisdóttir ritstjóri BÍN, Starkaður Barkarson verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir orðabókar-ritstjóri.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur





Mannamál

Vefritið *Mannamál* er nýr vettvangur til að miðla þekkingu og reifa álitamál er varða íslensku og önnur mál sem töluð eru hér á landi. Ritið er gefið út á vegum íslenskusviðs Árnastofnunar en höfundar efnis koma úr ýmsum áttum. Allir eiga það sameiginlegt að vinna störf þar sem tungumálið er í brennidepli, til dæmis við málfræðirannsóknir, tungumálakennslu, mál-tækni og stefnumótun sem varðar íslensku.

Heiti vefritsins, Mannamál, gefur til kynna hvert viðfangs-efnið er og hvernig við viljum koma því á framfæri. Við ætlum að fjalla um alls konar tungumál á aðgengilegan og lifandi máta. Orðið mannamál er gamalt í málinu og kemur þegar fyrir í fornmáli. Í elstu heimildum merkir orðið eins konar skvaldur, það er ómur af röddum sem berast úr fjarlægð. Í dæmum frá 17. öld er mannamál einnig notað um mál okkar mannfólksins til aðgreiningar frá máli dýra. Undanfarna áratugi hefur orðið svo öðlast þriðju merkinguna, það að segja frá á skiljanlegu máli eða tala tæpitungulaust.

Í vefritinu Mannamál verður boðið upp á efni af ýmsum toga. Fjallað verður um nýlegar og áhugaverðar rannsóknir og helstu niðurstöður dregnar fram og birtir verða málfarspistlar sem lúta til dæmis að nýjum og gömlum orðaforða, rétttritun, greinarmerkjasetningu og málsniði. Einnig bjóðum við upp á skoðanagreinar, fréttir af nýjum útgáfum, viðtöl við áhrifafólk á tungumálasviðinu og umfjallanir um áhugaverð verkefni. Stefnt er að því að birta valdar greinar á ensku, pólsku eða öðrum erlendum málum.

Markhópur vefritsins er stór og ekki síst viljum við ná til ungra lesenda. Með útgáfunni vonumst við til að efla áhuga landsmanna á íslensku og öðrum tungumálum sem töluð eru á Íslandi. Við viljum fræða, skapa umræðu og vekja athygli á einkennum tungumála og skráðum og óskráðum reglum sem við getum verið meðvituð eða ómeðvituð um. Einnig viljum við beina kastljósinu að hlutverkum tungumála í íslensku samfélagi og á alþjóðavettvangi og skoða stöðuna frá sjónarhóli móðurmáls- og annarsmálshafa.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur





Rafræn Konungsbók

The Codex Regius of the Poetic Edda —
Konungsbók eddukvæða: GKS 2365 4to

Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson og Vésteinn Ólason gáfu út.

Í nóvember var kynnt ný rafræn útgáfa á Konungsbók eddukvæða. Um er að ræða útgáfu í ritröðinni *Editiones Arnamagnæanæ Electronicae* sem Det Arnamagnæanske Institut við Kaupmannahafnarháskóla og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefa út í sameiningu. Kvæðin í Konungsbók eru gefin út með stafsetningu í þremur lögum: Staftáknrétttri stafsetningu, stafrétttri stafsetningu og samræmdri stafsetningu. Staftáknrétti textinn er birtur á þann veg að stafur stendur fyrir staf og lína fyrir línu án leiðréttinga, úrfellinga eða viðbóta og flest stafbrigði eru sýnd ásamt böndum (ekki er sýnt hvernig leyst er úr þeim). Þessi texti er ekki mjög læsilegur en hefur mikið gildi sem gagna-

grunnur fyrir frekari rannsóknir. Stafrétti textinn er einnig birtur staf fyrir staf og línu fyrir línu en íhlutun ritstjóra er mun meiri en í staftáknrétta textanum og fyrir vikið er textinn mun læsilegri fyrir nútímalesendur: Leyst er upp úr böndum og öðrum styttingum og upplausnin er sýnd með skáletri og notuð eru mun færri leturtákn. Þessi stafrétti texti líkist prentuðum útgáfum með stafréttum texta. Textinn er einnig birtur með samræmdri stafsetningu sem er samræmd til málstigs skrifarans frá síðari hluta 13. aldar og er íhlutun ritstjóra mun meiri hér en í stafréttu útgáfunni með það að markmiði að gera textann enn læsilegri fyrir nútímalesendur. Upplausn banda er ekki sýnd. Leiðréttingar og viðbætur eru fáar en þær eru rækilega merktar. Í vinnunni var stafræni textinn kódaður í XML (Extensible Markup Language), eins og Menota (Medieval Nordic Text Archive) mælir með, sem byggir á staðli frá TEI (Text Encoding Initiative). Sértákn voru kóðuð í samræmi við staðal hjá MUFI (Medieval Unicode Font Initiative). Að auki er hvert orð kódað en þau eru alls 36.477, þ.e. færðar voru inn málfræðiupplýsingar um hvert orð: orðflokkur, kyn, tala, fall, stigbreyting, háttur, tíð og persóna. Útgáfunni fylgir inngangur eftir Harald Bernharðsson. Með þessu móti hefur verið smíðað mjög öflugt tæki eða gagnagrunnur til að rannsaka skrift, stafsetningu, beygingar og orðaforða íslensku á 13. öld þótt orðaforðinn kunni að vera dálítið sértækur. Textinn er leitarbær. Með í grunninum eru bæði ljósmyndir í lit af hverri síðu handritsins og svarthvítar ljósmyndir teknar í útfjólubláu ljósi. Gagnagrunninn er að finna á vefslóðinni: eae.ku.dk: <https://eae.ku.dk/q?p=eae>. Hægt er að hlaða honum niður og kóða fleiri atriði, svo sem setningarlega eða bragfræðilega stöðu orða. Bára Yngvadóttir,

Bjarki M. Karlsson, Einar Freyr Sigurðsson, Heimir Freyr Viðarsson, Karl Óskar Ólafsson, Laufey Guðnadóttir, Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Valgerður Hilmarsdóttir lásu staftáknréttu uppskriftina saman við handrit með Guðvarði Má Gunnlaugssyni. Haraldur Bernharðsson samræmdi textann til málstigs skrifarans og þeir Haraldur og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson færðu inn málfræðiupplýsingar. Tarrin Wills, fræðimaður við fornnorræna orðabók Árnaneftndar í Kaupmannahöfn, gerði viðmótið og tengdi saman texta og myndir.

Konungsbók eddukvæða var skrifuð um 1270 en nánari upplýsingar um hana má finna á vefslóðinni: <https://handrit.is/manuscript/view/is/GKS04-2365/0#mode/2up>.

Ljósprentuð útgáfa á Konungsbók eddukvæða kom út á vegum Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi árið 1986 og sama ár var texti hennar tölvuvæddur á stofnuninni og vann Margrét Eggertsdóttir það verk. Árið 2001 kom út að nýju ljósprentuð útgáfa á vegum stofnunarinnar en jafnframt var texti hennar prentaður í stafrétttri útgáfu og með stafsetningu samræmdri til nútímamáls. Ritstjórar voru Vésteinn Ólason og Guðvarður Már Gunnlaugsson. Um svipað leyti kódaði Karl G. Johansson við Linnéháskólann í Växsjö hvert orð í XML (Extensible Markup Language) og fékk við það nokkra aðstoð frá Florian Grammel við Háskólann í Björgvin. Árið 2005 var hleypt af stokkunum nýju verkefni sem lauk á glæsilegan hátt með rafrænni útgáfu Konungsbókar 12. nóvember 2024. Í millitíðinni eða árið 2019 gáfu Vésteinn, Guðvarður og Haraldur kvæðin í Konungsbók út stafrétt á bók ásamt þremur ritgerðum, þ.e. ritgerðum um bókina og sögu hennar, bókagerð og skrift og stafagerð eftir Véstein, Drífu Kristínu Þrastardóttur og Guðvarð.



Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur

Starfsmenn 2024 og ritaskrár

Karlar 36
Konur 42

Aðalsteinn Hákonarson / [ritaskrá](#)
Anna Katrín Einarsdóttir
Antonio Costanzo
Ari Páll Kristinsson / [ritaskrá](#)
Atli Jasonarson
Ágústa Þorbergsdóttir / [ritaskrá](#)
Árni Snær Gíslason
Ása Ester Sigurðardóttir
Ása Þorsteinsdóttir
Ásta Svavarsdóttir / [ritaskrá](#)
Beeke Stegmann / [ritaskrá](#)
Bergdís Júlía Jóhannsdóttir
Bjarki Ármannsson
Bjarki Yunran Zhu
Bjarni Gunnar Ásgeirsson
Björn Halldórsson
Bolli Magnússon
Branislav Bédi / [ritaskrá](#)
Einar Freyr Sigurðsson / [ritaskrá](#)
Elín Ósk Reynisdóttir
Ellert Þór Jóhannsson / [ritaskrá](#)
Emily Diana Lethbridge / [ritaskrá](#)
Finnur Ágúst Ingimundarson
Fjóla Kristín Guðmundsdóttir
Fylkir Birgisson

Gísli Rúnar Harðarson
Gísli Sigurðsson / [ritaskrá](#)
Guðný Ragnarsdóttir
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Guðrún Brjánsdóttir
Guðrún Harðardóttir
Guðrún Nordal / [ritaskrá](#)
Guðvarður Már Gunnlaugsson / [ritaskrá](#)
Halldóra Jónsdóttir / [ritaskrá](#)
Haukur Þorgeirsson / [ritaskrá](#)
Helga Hilmysdóttir / [ritaskrá](#)
Hinrik Hafsteinsson
Hólmfríður Kristjánsdóttir
Hrefna Svavarsdóttir
Ingibjörg Þórisdóttir
Jóhann Kristján Konráðsson
Jóhann Karl Reynisson
Jóhannes Bjarni Sigtryggsson / [ritaskrá](#)
Jónas Orri Jóhannsson
Karl Óskar Ólafsson
Katelin Marit Parsons / [ritaskrá](#)
Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir / [ritaskrá](#)
Kristín Konráðsdóttir
Lea Debora Pokorny
Malgorzata Maria Trajkowska
Margrét Eggertsdóttir / [ritaskrá](#)
Margrét Jóna Gísladóttir
Marie Sophie Besson
Marteinn Sindri Jónsson
Pawel Bartoszek

Pétur Húni Björnsson
Rakel Pálsdóttir
Rósa Þorsteinsdóttir / [ritaskrá](#)
Samúel Þórisson
Sigríður Láretta Jónsdóttir
Sigrún Kristjánsdóttir
Sigurður Stefán Jónsson
Soffía Guðný Guðmundsdóttir
Stanislaw Jan Bartoszek
Starkaður Barkarson
Stefanie Bade
Steinunn Aradóttir
Steinþór Steingrímsson / [ritaskrá](#)
Svanhildur María Gunnarsdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir / [ritaskrá](#)
Tiffany Nicole White
Trausti Dagsson
Vasaré F Rastonis
Yelena Sesselja Helgadoóttir Yershova
Zachary Jordan Melton
Þórdís Úlfarsdóttir / [ritaskrá](#)
Þórður Ingi Guðjónsson
Þórunn Sigurðardóttir / [ritaskrá](#)

Nánari upplýsingar um starfsmenn má finna á:
<https://www.arnastofnun.is/is/stofnunin/starfsfolk>



Útgáfur



Kurteisleg kvæði og dýrlegar diktanir

Bókmenntagreinar og handritamenning á sautjándu öld eftir Þórunni Sigurðardóttur, prófessor emeritus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, er komin út hjá Árna-stofnun. Bókin er gefin út í tilefni af sjötugsafmæli Þórunnar og í henni eru prentaðar átján greinar sem hún hefur birt í tímaritum og bókum á undanförnum árum þar sem sjónum er beint að sautjándu aldar bókmenntum og handritamenningu.

Í greinunum er lögð áhersla á félagslegt umhverfi skálda og viðtakenda bókmenntanna, tilurð þeirra, dreifingu og varðveislu, og samspil texta og umhverfis eða samhengi textanna við það samfélag sem þeir eru sprottnir úr. Sýnt er fram á að í bókmenntunum er hægt að fá vísbendingar um daglegt líf og tilfinningar, bæði skálda og samtímamanna þeirra, jafnt úr veraldlegum sem trúarlegum textum. Með sumum greinunum

fylgja útgáfur á áður óbirtu efni. Greinunum er skipt í fimm kafla eftir meginviðfangsefni: Menntun og bókmenning; Handritamenning; Höfundareignun; Konur í bókmenntum síðari alda; Bókmenntagreinar á sautjándu öld. Ritstjóri bókarinnar er Rósa Þorsteinsdóttir. Bókin er 500 blaðsíður. Aftast er heimildaskrá auk nafnaskrár, handritaskrár og ritaskrár höfundar.

Tíðfordríf Jóns Guðmundssonar lærða

Tíðfordríf Jóns Guðmundssonar lærða í útgáfu Einars G. Péturssonar er komið út í tveimur bindum. Í fyrra bindi (369 bls.) er inngangur útgefanda ásamt heimildaskrá, nafnaskrá og handritaskrá. Í seinna bindinu (119 bls.) er texti *Tíðfordrífs*, ásamt orðaskrá og nafnaskrá.

Í inngangi Einars er að finna afar ítarlegar skýringar á efni ritsins og varðveislu og gerð er grein fyrir leit að þeim heimildum sem Jón lærði hefur stuðst við. Texti *Tíðfordrífs* er varðveittur í mörgum handritum, bæði í heild og í hlutum.

Söngbók séra Ólafs Jónssonar á Söndum

Séra Ólafur Jónsson (um 1560–1627), prestur á Söndum í Dýrafirði, var á meðal vinsælustu skálda á sinni tíð. Kvæði og sálmar annarra skálda eru yfirleitt varðveitt hér og þar í handritum en séra Ólafur safnaði kveðskap sínum saman í eina bók sem kölluð hefur verið Kvæðabók. Hún er merkilegt framlag til íslenskra bókmennta en hún er ekki hvað síst mikilvæg heimild um tónlist á Íslandi á 17. og 18. öld.

Hægt er að kaupa bækurnar á [vef Háskólaútgáfunnar](#).

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur





Mannamál

Mannamál er nýtt vef tímarit um íslensku og önnur mál gefið út af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Markmiðið með Mannamáli er að gera fræðilegt efni um íslensku og önnur mál aðgengilegt. Höfundar efnis koma úr ýmsum áttum og nýjar greinar eru settar inn reglulega.

Mannamál er í opnu aðgengi á vef tímaritsins mannamal.is.



Gripla XXXV

Gripla, alþjóðlegt ritrýnt ISI-tímarit Árnastofnunar um handrita-, bókmennta- og þjóðfræði.

Gripla kemur út á prenti einu sinni á ári en er jafnframt í opnu aðgengi á vef tímaritsins gripla.arnastofnun.is.




The Rímur Poetry of Ten Kvæðamenn

The Rímur Poetry of Ten Kvæðamenn: Research on Variations er gefin út sem rafbók þannig að hægt er að hlusta á dæmi um kveðskapinn, en bókinn segir frá söfnun og rannsókn á rímnakveðskap tíu kvæðamanna á árunum 1964–1971.

Hér má sjá nánar um útgáfuna og vefsíðu bókarinnar:

The Rímur Poetry of Ten Kvæðamenn: Research on Variations, <https://rimur.io/svend/en/>.



Orð og tunga 26

Orð og tunga, árlegt tímarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, er komið út.

Orð og tunga kemur út á prenti einu sinni á ári en er jafnframt í opnu aðgengi á vef tímaritsins ordogtungu.arnastofnun.is.



Rafræn útgáfa á Konungabók eddukvæða

Höfuðhandrit eddukvæða, GKS 2365 4to, Konungsbók, frá um 1270, er nú aðgengilegt í nýrri röð rafrænna textaútgáfna, *Editiones Arnamagnæanæ Electronicæ*, á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnasafns í Kaupmannahöfn. Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson og Vésteinn Ólason standa að þessari útgáfu Konungsbókar eddukvæða en árið 2019 kom út prentuð bók sem er hluti af sama útgáfuverkefni.

Í þessari rafrænu útgáfu er hægt að skoða ljósmyndir af sérhverri síðu handritsins og nákvæma uppskrift textans. Enn fremur fylgir málfræðigreining hverju orði og lemmaður orðstöðulykill. Rafræna útgáfan mun því ekki síst nýtast sem verkfæri við frekari rannsóknir á texta kvæðanna í handritinu.

Hér má sjá vefsíðuna:

[Editiones Arnamagnæanæ Electronicæ](https://editions.arnamagnae.is).

Myndir tóku Sigurður Stefán Jónsson, ljósmyndari á Árnastofnun, Christpher Lund, Branislav Bédi og Ingibjörg Þórisdóttir. Að auki fékkst mynd frá Ásdísí Arnalds aðstoðarskólastjóra Kvennaskólans. Ritstjóri: Ingibjörg Þórisdóttir. Prófkalestur: Svanhildur María Gunnarsdóttir. Hönnun og umbrot: Hunang/Sigrún Sigvaldadóttir.

Aðfaraorð
forstöðumanns

Skipurit
Árnastofnunar

Skýrsla
íslenskusviðs 2024

Skýrsla menningar-
sviðs 2024

Fréttir og viðburðir

Opnun
sýningarinnar

m.is

Mannamál

Rafræn konungsbók

Starfsmenn 2024
og ritaskrár

Útgáfur

